

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 225/2024

2024/EES/92/44

frá 23. september 2024

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2175 frá 20. október 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/256 um að koma á breytilegri áætlanagerð til margra ára ⁽¹⁾.
- XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMBYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 18qe (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/256) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 2175**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2175 frá 20. október 2020 (Stjtið. ESB L 433, 22.12.2020, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/2175, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 433, 22.12.2020, bls. 20.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.